



Reykjavík, 21. mars 2006.

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga.
Þskj. 795 - 547. mál*

Hjálparstarf kirkjunnar
Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri

Hjálparstarf kirkjunnar fagnar tillögunni sem er löngu tímabær. Hjálparstarfið gerir þó athugasemd við mikla áherslu á fjármagnstekjuskatt (í tillögunni og í greinargerðinni t.d. bls. 2 í línu 1, bls. 3 í línu 4) umfram aðra skatta sem einnig skipta miklu máli fyrir rekstur stofnunarinnar. Til að skerpa á því mætti breyta:

Í fyrstu málsgrein tillögunnar sé virðisaukaskatti bætt við ; ...,breytingar á lögum um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt...”

Í fyrstu málsgrein einnig, að tekið sé út „einkum með áherslu á afnám fjármagnstekjuskatts”.

Með hliðsjón af ofangreindu fylgja hér megináherslur eins og þær voru ræddar í samstarfshópnum um skattamál frjálsra félagasamtaka.

- a) að allar tekjur mannúðarfélaga, einnig fjármagnstekjur verði undanþegnar skatti
- b) að mannúðarfélög verði undanþegin virðisaukaskatti af vel skilgreindri þjónustu s.s. endurskoðun bókhalds, ráðgjöf o. þ.u.l. á sama hátt og opinberar stofnanir.
- c) að mannúðarfélög verði undanþegin virðisaukaskatti af vörum sem félagið kaupir eða lætur framleiða fyrir sig til fræðslu eða fjáröflunar s.s. kynningarblöð, söfnunarbauka, jólakort, kerti o.þ.h.
- d) að einstaklingar eigi kost á því að gefa skattfrjálsar gjafir til mannúðarmála
- e) að heimild fyrirtækja til að ráðstafa ákveðnu hlutfalli tekna sinna til mannúðarmála, áður en til skattlagningar kemur, verði rýmkuð í takt við það sem gerist í nágrennalöndum okkar.


Jónas Þ. Þórisson